



## Jafnlaunastefna Akraneskaupstaðar og Höfða

Jafnlaunastefna þessi tekur til Akraneskaupstaðar sem sameiginlegs vinnustaðar starfsfólks á bæjarskrifstofu og í stofnunum kaupstaðarins, auk starfsfólks Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja öllu starfsfólki jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Akraneskaupstaður og Höfði greiða laun eftir umfangi og eðli starfa og taka þau mið af þeim kröfum sem störf gera um hæfni, ábyrgð, álag og vinnuaðstæður í samræmi við starfmatskerfi sveitarfélaganna. Allar launaákvæðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum og skýranlegar með vísan til forsendna.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar og Höfða skuldbinda þau sig til að:

- Viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85
- Framkvæma árlega launagreiningu innan kaupstaðarins og hjá Höfða
- Bregðast við óútskýrðum launamun, sé hann til staðar, með viðeigandi leiðréttingum og úrbótum
- Árlega skal fara fram innri úttekt og rýni stjórnenda
- Fylgja lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta að lágmarki árlega að þeim sé hlítt
- Kynna árlega niðurstöður launagreininga fyrir starfsfólki Akraneskaupstaðar og Höfða
- Stefna þessi skal kynnt öllu starfsfólki og vera aðgengileg á heimasíðu Akraneskaupstaðar og Höfða

Samþykkt í bæjarráði þann 5. desember 2024

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 10. desember 2024

---

Haraldur Benediktsson,  
bæjarstjóri